

Vísindanefnd

Umfangsmikill hluti starfsemi vísindanefndar sneri að Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Unnið var úr umsóknum og úthlutað úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2016 veturinn 2015. Á vegum vísindanefndar starfa sjálfstæð fagráð sem skipuð eru fimm til átta fulltrúum hvert. Hlutverk fagráða er að annast faglegt mat og forgangsröðun á umsóknum í Rannsóknasjóð Háskóla Íslands og doktorssjóði Háskóla Íslands. Faglegt mat og forgangsröðun fagráða skal byggjast á forsendum og viðmiðum sem vísindanefnd háskólaráðs setur. Fagráðin meta allar umsóknir á fagsviði sínu. Samræming og lokafrágangur úthlutunar er síðan í höndum vísindanefndar.

Við úthlutun fyrir 2016 var unnið samkvæmt breyttum viðmiðum sem ætlað var að samræma betur en áður mat á verkefnum og ritvirkni umsækjenda. Lögð var áhersla á að styrkja sem flest verkefni sem stóðust mat á vísindagildi og virkni umsækjanda. Umsóknir í sjóðinn voru 294 og alls voru 274 verkefni styrkt. Alls var úthlutað um 248 m.kr. úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2016. Hver styrkur nam að meðaltali 904 þús.kr. (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Einnig voru veittir styrkir til ráðstefnuferða stúdenta í doktorsnámi. Unnt var að styrkja 20 doktorsnema úr doktorssjóðum Háskóla Íslands. Í ár voru umsóknir alls 129 (sjá nánar kafla um doktorsstyrki). Faglegt mat á umsóknum var, samkvæmt reglum, í höndum vísindanefndar og fagráða hennar. Var umsóknum forgangsráðað eftir vísindalegu gildi verkefnis, vísindalegri hæfni leiðbeinenda og náms- og rannsókniferli stúdents.

Önnur verkefni vísindanefndar á árinu lutu aðallega að áframhaldandi endurskoðun á Rannsóknasjóði og breyttu fyrirkomulagi varðandi umsóknir, styrkveitingar og úrvinnslu. Einnig var vinnu við að skerpa á áherslum um mat á umsóknum um doktorsstyrki fram haldið.

Skipan vísindanefndar

Nefndina skipuðu árið 2015:

- Ármann Jakobsson, prófessor á Hugvísindasviði, formaður (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor á Félagsvísindasviði, frá 1. júlí). Guðbjörg Linda sat í nefndinni á vormisseri sem fulltrúi Félagsvísindasviðs.
- Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, prófessor á Félagsvísindasviði, á haustmisseri. Var varamaður Guðbjargar Lindu á vormisseri.
- Irma Erlingsdóttir, dósent á Hugvísindasviði á vormisseri.
- Valur Ingimundarson, prófessor á Hugvísindasviði á haustmisseri.
- Oddur Ingólfsson, prófessor á Verkfræði- og náttúruvísindasviði.
- Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor á Menntavísindasviði á vormisseri.
- Anna Kristín Sigurðardóttir, dósent á Menntavísindasviði á haustmisseri.
- Árni Kristjánsson, prófessor á Heilbrigðisvísindasviði.
- Fanney Þórsdóttir, dósent á Heilbrigðisvísindasviði, varamaður Árna.
- Sunna Símonardóttir, fulltrúi stúdenta.